



AFMÆLISÁRIÐ 2017

Þann 3. febrúar 1867 - fyrir 150 árum - stofnuðu 31 iðnaðarmaður Handverksiðnaðarmannafélagið í Reykjavík. Um sex árum síðar var félagið nefnt Íðnaðarmannafélag Reykjavíkur.

Íðnaðarmannafélagið í Reykjavík er hið þriðja elsta sem nú hefur starfað óslitið á Íslandi. Tilgangur félagsins er og hefur frá upphafi verið að efla menntun og menningu iðnaðarmanna og styrkja stofnanir sem starfa í þeirra þágu. Saga félagsins er tengd órofa böndum við sögu iðnaðar á Íslandi í 150 ár.

Félagið var frumkvöðull að löggildingu iðngreina. Það stóð fyrir stofnun Iðnskólans í Reykjavík, stóð fyrir fyrstu iðnsýningunni hérlandis og var virkur þátttakandi í stofnun Iðnaðarbanka Íslands svo fátt eitt sé talið.

Á þessum tímamótum hefur Íðnaðarmannafélagið ákveðið að minna á sögu sína og fortíð með því að standa fyrir hönnun og kosta lýsingu á stytta Ingólfs Arnarsonar á Arnarhóli. Styttan var gjöf félagsins til þjóðarinnar árið 1924.

Á 100 ára afmæli félagsins var gefin út Saga Íðnaðarmannafélagsins. Nú á þessum tímamótum gefum við út heimildarmynd þar sem sögð er 150 ára saga félagsins. Iðnaðarráðuneyti og Samtök iðnaðarins veittu fjárhagslegan styrk til verkefnisins.

Þann 16. febrúar mun Pósturinn gefa út frímerki í tilefni afmælisins. Borgar H. Árnason, grafískur hönnuður, hannar frímerkið og fyrstadags umslag.

Í ágúst síðastliðinn varð Reykjavíkurborg 230 ára. Borgin var aðeins 80 ára þegar félagið okkar var stofnað. Því er saga borgarinnar og saga félagsins samofin til þessa dags.

Nýsveinahátíð er stærsti árlegi viðburðurinn á vegum Íðnaðarmannafélagsins og hefur svo verið um tíu ára skeið. Þá komum við saman í Ráðhúsi Reykjavíkur til heiðurs og viðurkenningar um það bil 20 nýsveina sem sýnt hafa afburðaárangur í námi og

sveinsprófi. Forseti Íslands er verndari hátíðarinnar og jafnan mæta ráðherrar iðnaðar og menntamála til leiks auk borgarstjóra og fjölda gesta. Nýsveinahátíðin er í raun „uppskeruhátíð“ iðnaðarmanna og iðnaðar. Þá bætist í okkar hóp fjöldi afburðafólks sem mun bera upp merki iðnaðar og handverks um langa framtíð.

Ágætu félagar.

Framundan er upphaf afmælisársins.

Þann 3. febrúar munum við fagna 150 ára afmælinu með því kveikja á lýsingu á stytta Ingólfs Arnarsonar við hátíðlega athöfn á Arnarhóli kl. 17:00. Við óskum þess að allir félagsmenn mæti og þiggi veitingar að athöfn lokinni í Ráðhúsi Reykjavíkur í boði borgarstjóra.

Þann 2. febrúar er fundur með fulltrúum norrænu systurfélaganna og öðrum gestum Íðnaðarmannafélagsins. Að fundi loknum er heimsókn í listasafn Einars Jónssonar.

Þann 4. febrúar er ellefta Nýsveinahátíðin haldin kl. 14:00 í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Að kvöldi 4. febrúar er hátíðarkvöldverður kl. 19:00 á Hótel Nordica með öllum félögum Íðnaðarmannafélagsins og öðrum velunnurum þess.

Fyrir hönd félagsins býð ég ykkur, kærur félagsmenn, til 150 ára fagnaðar og óska þess að við gerum dagana ógleymanlega í minningu genginna iðnaðarmanna og til hvatningar iðnaðarmönnum dagsins og framtíðarinnar.


Elsa Haraldsdóttir



Íslandspóstur



Íðnaðarmannafélagið í Reykjavík 150 ára



Dagskrá afmælishelgarinnar

Þann 3. febrúar verður Iðnaðarmannafélagið 150 ára á þeim tímamótum munum við horfa til fortíðar og nútíðar.

2. febrúar 2017

Fimmtudagur

2. febrúar kl. 09:00 Norræni fundurinn / Heimsókn á listasafn Einars Jónssonar

3. febrúar 2017

Föstudagur

3. febrúar kl. 17:00 Félagar koma saman á Arnarhóli ásamt borgarstjóra – forsætisráðherra - gestum og verður tendruð lýsing á stytta Ingólfs Arnarsonar (hönnun og lýsing gjöf frá félaginu)

4. febrúar 2017

Laugardagur

4. febrúar kl. 14:00 Ellefta Nýsveinahátíð félagsins í Ráðhúsi Reykjavíkur.
4. febrúar kl. 19:00 Hátíðarkvöldverður á Hótel Nordica.

Hádegisverðarfundurinn 26. nóvember

Hinn hefðbundni hádegisverðarfundur var haldinn 26. nóvember s.l. 5 nýjir meðlimir gengu í félagið, þau xx, xx, xx, xx,xx. Jón Jónson var gestur félagsins og las upp úr nýútgefinni bók sinni um

Ladda. Af því loknu var gengið til hádegisverðar sem Lalli kokkur sá um af sinni alkunnu snilld.



Afmæliskvöldverður

Fyrirtækjum og félegum gefst kostur á að festa sér 8-10 manna borð á afmæliskvöldverðinum 4. febrúar.

Sætið kostar xx.xxx á mann og er innifalið í því 3 rétta kvöldverður ásamt borðvíni.

Vinsamlegast pantiðmeð að senda póst á netfangið imfr@imfr.is.



Nýsveinahátíð 2017

IMFR heldur nýsveinahátíð í ársbyrjun á hvert í Ráðhúsi Reykjavíkur. Nýsveinar sem lokið hafa sveinsprófi með afburðaárangri eru heiðraðir. Heiðursiðnaðarmaður ársins er útnefndur. Háskólinn í Reykjavík veitir nýsveinum námsstyrki.

Forseti Íslands er verndari hátíðarinnar. Borgarstjóranum í Reykjavík, mennta- og menningarmálaráðherra og iðnaðar- og viðskiptaráðherra er boðið til hátíðarinnar.

Reglur um veitingu verðlauna

Reglur IMFR um veitingu silfur- og bronsverðlauna til nýsveina fyrir afburða vel útfært sveinsprófsverkefni (útdráttur):

- Sveinsprófsnefndir löggiltra iðngreina gera tillögu um verðlaunahafa.
Sveinspróf skal hafa farið fram á árinu áður en hátíðin fer fram, þ.e. tilnefningar til verðlauna á nýsveinahátíð 2017 ná til prófa sem haldin eru 2016.
- Sveinsprófsnefnd skráir nafn, kennitölu, heimilisfang, símanúmer og netfang sveins og meistara á vefsíðu félagsins (undir TILNEFNINGAR) auk upplýsinga um iðngrein, skóla, námstíma og lýsingu sveinsstykks. Ekki er tekið á móti tilnefningum á annan hátt.
- Tilnefningin skal berast IMFR í síðasta lagi 30. nóvember.

- Verðlaunahafi fær heiðursskjal ásamt heiðurspeningi, silfur eða brons. Heiðursskjalið er undirritað af forseta Íslands og stjórn IMFR.
- Sveini, aðstandendum hans, meistara, prófnefnd og stjórnnum meistara- og sveinafélags er boðið formlega til nýsveinahátíðarinnar.
- Hver sveinsprófsnefnd getur útnefnt tvo nemendur til silfurs- eða bronsverðlauna.

Reglur IMFR um útnefningu heiðursiðnaðarmanns ársins.

- Stjórn IMFR velur iðnaðarmann sem náð hefur afburðaárangri í iðn sinni.
- Útnefndum iðnaðarmanni er boðið til nýsveinahátíðar IMFR.
- Hann hlýtur gullpening og heiðursskjal undirritað af forseta Íslands og stjórn IMFR.



Facebook og www.imfr.is

Á vefsíðu IMFRmá finna ýmsar gagnlegar upplýsingar um félagið og starfsemi þess. Þar er t.d. félagskrá, hægt að sækja um að ganga í félagið, senda inn tilnefningar

um verðlaunahafa á nýsveinahátíð og fleira. Facebook síðuna okkar finnið þið undir Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík.



Samnorrænn fundur í Svíþjóð

Hinn árlegi fundur sýstrafélaga okkar á norðurlöndum var haldinn í Svíþjóð 11. júní í sumar. Formaður félagsins ásamt ritara sóttu fundinn fyrir hönd félagsins. Á fundinum var sagt frá starfi sýstrafélaganna, Noregs, Svíþjóðar, Dannmerkur Færeyja og Finnlands. Fundarmönnum var síðan skipt í 3 hópa með mismunandi málefnum. Var m.a. rætt um innflytjendur og iðnmenntun þeirra. Einnig var rætt um hvaða leiðir væru til að hvetja ungt fólk til iðnmenntunnar. Myndin hérna til hliðar er af fundarmönnum og mökum þeirra í hinum fallaega bæ, Visby á Gautlandi.



Stjórn IMFR

Valbjörg Elsa Haraldsdóttir
Guðmundur Páll Ólafsson
Hjörtur Guðnason
Lilja Sæmundsdóttir
Katrín Þorkellsdóttir

hársnyrttimeistari
pípulagningameistari
grafískur miðlari
hársnyrttimeistari
snyrtifræðimeistari

har@har.is
gudmundurpipari@simnet.is
hjortur@isafold.is
liljaks@gmail.com
katrin@guinot.isis



Tilgangur IMFR er að efla menningu og menntun iðnaðarmanna og styrkja stofnanir sem starfa í þeirra þágu.

Samstarfsaðilar IMFR um nýsveinahátíð:

- Sveinsprófsnefndir löggiltra iðngreina.
- Félög meistara og sveina í löggiltum iðngreinum.
- Starfsgreinaráð löggiltra iðngreina.
- Samtök iðnaðarins.